



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 21.3.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Elliðaárvogur/Ártúnshöfði - Ártúnshöfði 2A - deiliskipulag - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. mars 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. mars 2024 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2A, ásamt fylgiskjólum.

Samþykkt.

Björn Axelsson, Björn Guðbrandsson, Práinn Hauksson og Sólveig Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Verið er að samþykkja í auglýsingu deiliskipulag fyrir 600 íbúðir á stærsta þróunar- og uppbyggingarsvæði Reykjavíkur í kringum Elliðavog og Ártúnshöfða. Skipulag svæðisins sem er verið að auglýsa er kennt við Ártúnshöfða 2A og afmarkast af núverandi Ártúnshöfða til austurs, Elliðaám til vesturs, Stórhöfða til suðurs og til norðurs af lóðarmörkum við Sævarhöfða 12. Áætlað er að á svæði þessa borgarhluta rísi allt að 8.000 íbúðir sem munu hýsa álíka fjölda íbúa og Grafarvogur eða um 20.000 manns en á sjöfalt minna svæði. Um er að ræða fyrsta hverfi Reykjavíkur sem rís alfarið innan borgarmarkanna. Á svæðinu er gert ráð fyrir þéttri, blandaðri byggð sem gefur kost á búsetu, atvinnu og þjónustu innan hverfis. Jafnframt er gert ráð fyrir skilvirkum tengingum almenningssamgangna með Borgarlínu sem flæðir sem lykilás í gegnum borgarhlutann. Nálægð við strandlengjuna og útivistarsvæði Elliðaárdals skapar svæðinu mikla sérstöðu í borginni.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja að setja skipulagið í lögbundið samráðsferli en gera hefðbundna fyrirvara um endanlega afgreiðslu málsins.

Helga Björk Laxdal
e.u.